

**Framkvæmdaráðsfundur DKG var haldinn í Kennarasambandshúsinu við Laufásveg
3. maí 2019 kl. 17-19.**

Mættar eru: Stjórn landssambandsins: Jóna Benediktsdóttir lotadeild, forseti, Helga G.Halldórsdóttir Gammadeild, varaforseti, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir Alfadeild, ritari, Jónína Hauksdóttir Betadeild, meðstjórnandi, Jensína Valdimarsdóttir Deltadeild, gjaldkeri. Eygló Björnsdóttir Betadeild, fyrrverandi forseti og vefstjóri. Frá deildum: Björg Kristjánsdóttir Etadeild, Ingibjörg Guðmundsdóttir Kappadeild, Jenný Þórkátla Magnúsdóttir Nýdeild, Gerður Pétursdóttir Petadeild, Eydís Katla Guðmundsdóttir Epsilondeild, Kristín Jóhannesdóttir Alfadeild, Ingibjörg Þ. Þorleifsdóttir Epsilondeild, Jónína Eiríksdóttir Deltadeild, Steinunn Guðmundsdóttir lotadeild, Birna Sigurjónsdóttir Lambdadeild. Guðrún Ásgeirsdóttir Zetadeild. Anita Jónsdóttir Betadeild, Katrín Fjóra Guðmundsdóttir Mýdeild og María Pálmadóttir Gammadeild boðuðu forföll.

Forseti setti fundinn og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Hún fór yfir dagskrá fundarins.

1. Forseti kynnir laga- og reglugerðarbreytingarnar, umræður.

Félagskonum var bent á að lesa breytingarnar fyrir fundinn og fengu sendan tengil á gögn.

JB útskýrði forsendur tillagna um lagabreytingar. Þær breytingar sem gerðar eru á lögum alþjóðasambandsins, þurfum við að taka inn í okkar lög. En laganeftin vildi að þessu sinni gera fleiri breytingar og lagðist í mikla vinnu m.a. við að kvengera textann með persónufornöfnum. Stjórn landssambandsins ákvað að taka þetta skrefinu lengra og taka persónufornöfn út að mestu. Einnig var reynt að skerpa á verklagi eftir því sem hægt var. Laganeftin samþykkti að taka persónufornöfnin út. Forseti fór yfir tillögurnar. Lagt var til að eftir kynningu leiti fundarstjóri eftir athugasemdum og breytingartillögum. Hægt er að leggja lögin fyrir í einu lagi, ef engar breytingartillögur eru settar fram. Annars þarf að taka fyrst fyrir breytingartillögurnar og síðan hverja grein fyrir sig.

Forseti fór einnig yfir reglugerðarbreytingarnar. Leggja þarf fyrir breytingar á hverri grein fyrir sig.

- 2. Gjaldkeri kynnir fjárhagsáætlun.** Jensína greindi frá forsendum áætlunarinnar. Gert er ráð fyrir að 340 konur greiði félagsgjöld og félagsgjöld verði óbreytt samtals tekjur 6.800 þús. Auk þess verði tekjur af þingum og fundum 940 þús, vörusala og vextir eru áætlaðir 210 þús. Gert er ráð fyrir að tekjur verði samtals 7.950 þús. Stærsti liður útgjalda er greiðsla til alþjóðasambandsins vegna félagsgjalda 3.619 þús., aðrir stórir liðir eru ferðarkostnaður 1.200 þús. og kostnaður vegna þinga 1.400 þús., einnig er gert ráð fyrir 500 þúsund í styrki til alþjóðaráðstefnunnar og 300 þús. í aðra styrki. Gert er ráð fyrir 200 þúsund í vefinn og 421 þúsund eru í kostnað, sem er blanda af ýmsu, 100 þús. í gjafir og 100 þús. í vörukaup, auk 50 þús. í prentkostnað, 50 þús. í vexti og 10 þús. í pósturþargjöld. Í heildina 7.950 þúsund. Fundarkonum leist vel á. Rætt var um mismunandi félagsgjöld deilda. Nokkrar deildir eru með félagsgjöld 15-16 þúsund. Fjárhagsáætlun borin undir atkvæði. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

3. **Hugmynd að nælum kynnt, forsetanælu og fyrrverandi forsetanælu, formannsnælu og nælu fyrir fyrrverandi formenn.** Jesína kynnti að til væru nælur fyrir fyrrverandi forseta og formenn. Yfirleitt lætur deild formann fá formannsnælu. Fram kom í umræðum að skila þarf nælum, þegar konur hætta. Ein deild tekur inntökugjald og gerir ekki kröfu um skil á nælum. Ekkert er um þetta í reglugerðinni, þannig að deild er frjálst að hafa þann hátt á sem félagskonur vilja. Fundarstjóri ber undir atkvæði hvort landssambandið taki upp þessa reglu að forseti afhendi forsetanæluna sína áfram til nýs forseta, en fái í staðinn fyrrverandi forsetanælu. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Lagt til að deildir taki þessi mál til umræðu í haust.
4. **Námsstyrkjasjóður, rætt um að veita 2 styrki og vísa til næstu stjórnar að breyta reglum sjóðsins.** Úthlutað er úr sjóðnum sama ár og landssambandsþing er haldið. Námsstyrkjanefndin lenti smá erfiðleikum með að velja á milli umsækjenda í ár, vegna þess að reglur eru óskýrar. Það bárust 3 umsóknir. Nefndin beinir því til stjórnar landssambandsins að skerpa þurfi á reglum námsstyrkjasjóðsins einkum í 6. grein. Einnig má setja í viðmið í 5. grein að félagi þurfi að hafa verið í samtökunum t.d. í 3 ár til að hljóta styrk. Einnig er óljóst orðalagið „að vera vel á veg komið“, er hægt að skýra það eða biðja um framvinduskýrslu? Einnig segir í lögum að einn styrkur sé veittur, en undanfarin ár hafa tveir styrkir verið veittir. Beðið er um upplýsingar um trúnaðarstörf, en ekki er ljóst hvort það er vægi á því við úthlutun. Það þarf að skýra þessi viðmið. Bent var á að hægt væri að hafa verklagsreglur með reglunum. Spurt var um upphæð styrks, forseti svaraði því að áður var hann oft 200 þúsund, sem var skipt í tvo styrki, en við ákváðum núna að hafa 400 þúsund til úthlutunar. Skipun námsstyrkjanefndar rennur út í ár. Forseti leggur til að skipuð verði 3ja manna nefnd til að endurskoða og skýra reglur um íslenska námsstyrkjasjóðinn og jafnframt búa til verklagsreglur. Fundarkonur voru sammála þessari lausn.
5. **Happdrætti á Grand Dinner á alþjóðaráðstefnunni.** Lagt til að hver deild komi með einn vinning. Þetta verður kynnt í deildum. Formönnum deilda var bent á að fara inn á ráðstefnuvefinn á þeim deildarfundum sem eftir eru fyrir sumarfrí, til að kynna ráðstefnuna. Minnt var á að allir eru velkomnir á ráðstefnuna. Mikilvægt að hvetja íslenskar konur til að koma.
6. **Breytt dagsetning á innheimtu gjalda.** Gjaldkeri sagði að í breyttum reglum eigi að greiða félagsgjöldin í júní. Beðið er um að formenn aðstoði gjaldkera við þetta viðfangsefni. Gjaldkeri þarf að skila til alþjóðasamtakanna fyrir lok september (sem var fyrir 10. nóvember áður)
7. **Bæklingur samtakanna var endurskoðaður og prentaður.** Forseti sagði frá því að landssambandsstjórnin hefði ákveðið að endurnýja kynningarbæklinginn. Það er smá villa í honum, dagsettur 2014 í stað 2019. Upplýsingar hafa verið uppfærðar, ný deild er komin inn í bæklinginn. Hver deild ætti að eiga nokkur eintök til að kynna samtökin og afhenda nýjum félagskonum. Félagskonum bent á að taka eintök með sér. Bent var á að bæklingur um fyrstu 20 árin í sögu sambandsins á Íslandi er á vefnum.
8. **Ráðstefnan.** IEG kynnti ráðstefnuna og fór yfir skráningarblaðið.
9. **Hugmyndir að verkefnum framtíðar.** Gera gátlista yfir það sem formaður gerir á hverjum ársfjórðungi fyrir sig. Finna eitthvað sameiginlegt til að vinna að, samfélagsverkefni, greinasafn, dagur fyrir unga kennara, eða vera bakhjarl eða uppspretta hugmynda fyrir unga kennara. Mikil umræða um umhverfismál og

sjálfbærni. Hvernig getum við sem félag tekist á við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Vekja athygli á því fyrir hvað við stöndum.

10. Vakin var athygli á staðsetningu landssambandsþingsins á morgun.

Þingið fer fram í Gamla Verslunarskólanum á gatnamótum Þingholtsstrætis og Hellusunds. Ingibjörg Guðmundsdóttir skólastjóri sagðist myndu setja upplýsingar á dyrnar á Kvennaskólanum við Fríkirkjuveg og Jóna sagðist myndu setja staðsetninguna á facebook-síðu Delta Kappa Gamma.

11. Að lokum var boðið upp á léttar veitingar.